

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands haldinn þann 24. maí 2013, kl. 16:30 í sal Tannlæknafélags Íslands, Síðumúla 35, 108 Reykjavík.

FUNDARGERÐ

Gögn sem lágu fyrir fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

Ársreikningur ársins 2012

Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt með lófataki.

Börkur Thoroddsen tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi Gústav Gústavsson, starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla stjórnar – Sigurgísli Ingimarsson, stjórnarformaður
2. Ársreikningur 2012 – Halldór Kristinsson, framkvæmdastjóri
3. Fjárfestingarstefna 2013 – Pétur Pétursson, sjóðstjóri
4. Tryggingafræðileg úttekt 2012 – Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur
5. Kosning stjórnarmanna
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál, löglega fram borin

Á fundinn voru mættir 21 sjóðfélagar sem fara samtals með 6,4% af atkvæðarétti.

1. Skýrsla stjórnar

Rekstrarár Lífeyrissjóðs Tannlækna sem nú lýkur, var á margan hátt árangursríkt og á sama tíma viðburðarríkt. Hrein raunávöxtun séreignardeildar var 3,44% miðað við vísitölu neysluverðs á meðan sameignardeildin var með 3,95% raunávöxtun miðað við vísitölu neysluverðs.

Deildirnar eru gerðar upp á mismunandi hátt um áramót og er raunstaða eigna sameignardeildar hærri en uppgjör segir til um, því að skuldabréf deildarinnar eru ekki reiknuð á markaðskröfu heldur kaupkröfu.

Eignasafn beggja deilda sjóðsins stendur mjög traustum fótum og samanstendur að stærstum hluta af skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, innlánnum og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Eins og fram kemur í ársreikningi sl. árs eru allar kennitölur úr rekstrinum afar jákvæðar, en nánar verður fjallað um ársreikninginn hér á eftir.

Ytri aðstæður í þjóðfélaginu hafa afgerandi áhrif á ávöxtunarmöguleika lífeyrissjóðanna. Skuldir þjóðarbúsins eru háar, vaxtabyrði erlendra skulda þjóðarbúsins eru nú um 90 milljarðar og fjárfestingaráform fyrirtækja eru minni en reiknað var með. Þrotabú föllnu bankanna eru úppgerð og snjóhengjan svokallaða hangir enn og bíður lausnar. Í henni eru u.þ.b. 2800 milljarðar læstir inni sem bíða eftir að komast út úr íslenska hagkerfinu. Yfirsuldsett íslensk heimili bíða og vona að stjórnmalámennt efni kosningaloforðin og vindi ofan af skuldum þeirra. Staða íbúðalánasjóðs er vægast sagt viðsjárverð og kallar á enn frekari fjárframlög úr ríkissjóði. Allt þetta leiðir til þess að nýjustu hagvaxtarspár fyrir íslenska hagkerfið eru aðeins 1,8 af hundraði, og talsvert er enn í að Seðlabankinn nái verðbólgaþolmarkmiðum sínum, þ.e.a.s. 2,5 af hundraði, á næstu misserum. Þannig búum við enn sem fyrr við gjaldeyrishöft og eru þau farin að verða verulegur skaðvaldur fyrir fjárfestingarmöguleika lífeyrissjóðanna. Við búum því við lokað hagkerfi sem jafnframt er afar lítið.

Á ári hverju þurfa lífeyrissjóðirnir að leita að fjárfestingarkostum fyrir u.þ.b. 140 milljarða króna. Höftin koma í veg fyrir að fjármagn komist úr landi og það safnast því hér upp og er dæmt til að eltast við þær litlu eignir sem í boði eru. Það ýtir undir verðhækkun eignanna sem þrýstir ávöxtunarkröfunni niður.

Höftin ná einnig til ávöxtunar innlána og þrýsta niður vöxtum þeirra þar sem innlán aukast langt umfram þarfir innlánsstofnana, enda lánsfjárefitirspurn tiltölulega lítil, þar eð verulega hefur dregið úr fjárfestingaráformum fyrirtækja eins og áður var getið.

Í þessu litla hagkerfi eru fjárfestingarkostir afar fáir og einskorðast nánast við skuldabréf með ábyrgð ríkisins, hlutabréf á litlum og veikburða markaði og innlán til innlendra lánastofnana. Þessi staða er nú þegar farin að skekkja verðmat á markaði og mun óneitanlega leiða til ofmats eigna, sem síðar, við los gjaldeyrishaftanna, gæti leitt til skyndilegs verðfalls á eignum lífeyrissjóðanna. Stjórn LTFÍ fylgir því afar varfærinni stefnu í öllum fjárfestingum á þessum litla og veikburða markaði. Það er því afar brýnt að höftin verð losuð sem fyrst og að lífeyrisjóðunum verði fyrst allra heimilað að ávaxta hluta eigna sinna á erlendum verðbréfamörkuðum.

Það er í þessu sambandi vert að vekja athygli á því að erlendir verðbréfamarkaðir hafa verið á mikilli siglingu síðastliðið ár. Má í því sambandi nefna að Dow Jones verðbréfavísitalan hefur hækkað um rúmlega 20 af hundraði á síðustu 12 mánuðum samfara efnahagsbata í Bandaríkjunum.

Umræða um verðtryggingu hefur verið fyrirferðamikil á síðustu misserum og sitt sýnist hverjum. Virðist svo að menn rugli hér saman orsök og afleiðingu.

Verðtrygging er afleiðing hárrar verðbólgu og slakrar efnahagsstjórnar en ekki orsök. Meðan við búum við þann örgjaldmiðil sem krónan er, er verðtrygging óhjákvæmileg. Ég tel ekki að neinn vilji hverfa aftur til þeirra aðstæðna er hér sköpuðust á árunum frá 1950 – 1980, er sparifé landsmanna brann upp á verðbólguþáli og þeir einir högnuðust er höfðu aðgang að lánsfé. Það má svo aftur skoða hvort ekki sé nauðsynlegt að endurskoða forsendur vísitölugrunnsins sem verðtryggingin byggir á.

Á árinu héldu áfram að greiðast til sjóðsins endurheimtur eigna úr Landsbankinn Mezzanine Fund. Greiðslur munu halda áfram að berast til LTFÍ allt til ársins 2016 er þær eru að fullu greiddar.

Stjórn LTFÍ hefur ákveðið að halda áfram varúðarniðurfærslu á eftirstöðvum þessara eigna enn um sinn, enda er það stefna stjórnar nú sem fyrr að eignasafn sjóðsins endurspegli raunverulega stöðu hans hverju sinni.

Eins og fram kemur í ítarlegri úttekt Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings sjóðsins, hér á eftir, er tryggingafræðileg staða LTFÍ mjög góð. Vil ég enn og aftur árétta í því sambandi að LTFÍ hefur frá efnahagshruninu 2008 aldrei þurft að skerða réttindi sjóðfélaga, enda er sjóðurinn í dag eini opni lífeyrissjóður landsins með jákvæða tryggingafræðilega stöðu.

Stjórn sjóðsins fundaði reglulega á árinu með framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins og nú í fyrsta sinn var unnið eftir fyrirfram útgefinni fundaáætlun fyrir allt árið, sem gerði öll störf stjórnar markvissari og árangursríkari. Auk þess átti sá er hér talar reglulega fundi með framkvæmdastjóra til að fjalla frekar um tiltekin málefni er til féllu á milli reglulegra stjórnarfunda og eins til að undirbúa stjórnarfundi.

Endurskoðunarnefnd LTFÍ starfaði á síðasta ári samkvæmt skipunarbréfi.

Nefndarmenn hennar, skipaðir af stjórn LTFÍ, voru Gísli Vilhjálmsson og Þórólfur Ólafsson, tannlæknar, og Jón Gunnsteinn Hjálmarsson, löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila svo og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Ennfremur eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðanda svo og að koma með tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda til næsta árs.

Eins og áður sagði er eignastaða LTFÍ afar góð og má segja að sjóðurinn hafi náð vopnum sínum að fullu eftir þá orrahríð sem hann lenti í haustið 2008.

Þetta ásamt sérstöðu hans hvað séreignarstefnu og erfanleika eigna varðar, hefur orðið til þess að stjórn LTFÍ hefur algerlega lagt til hliðar allar vangaveltur um samruna eða sameiningu við aðra lífeyrissjóði. Óbreytt fyrirkomulag verður því á rekstri sjóðsins enn um sinn og verður Landsbankinn því áfram rekstraraðili hans.

Stjórn LTFÍ leitast þó ávallt við að leita leiða til til að finna rekstri sjóðsins sem allra hagstæðastan farveg, þannig að ávöxtun eigna sjóðfélaga verði með sem allra besta móti. Það er markmið stjórnar LTFÍ að efla sjóðinn með fjölgun sjóðfélaga. Í því skyni hefur starfsemi sjóðsins og kostir hans verið kynntir tannlæknum með reglulegu millibili. Má í því sambandi nefna að varaformaður stjórnar LTFÍ,

Gísli Vilhjálmsson, skrifaði afar upplýsandi grein um lífeyrismál tannlækna og maka þeirra í síðasta tölublað Tannlæknablaðsins. Vil ég þakka honum fyrir afar góðan og fróðlegan texta.

Nýútskrifuðum tannlæknum er sent ítarefni um sjóðinn og tannlæknanemum er boðið til kynningar á sjóðnum í húsakynnum Landsbankans og boðið að ganga í sjóðinn. Þetta hefur borið þann árangur að allir tannlæknar útskrifaðir árin 2011 og 2012 og jafnframt einhverjir makar hafa kosið að ganga í sjóðinn. Til að mæta enn frekar þörfum nýútskrifaðra tannlækna hefur stjórn sjóðsins ákveðið að bjóða að nýju upp á sjóðfélagalán. Vinnu við útfærslu og framkvæmdahlið þess máls ætti nánast að vera lokið, þannig að fljótlega mun þessi þjónusta standa sjóðfélögum til boða. Jafnhliða er stöðugt reynt að vekja athygli eldri starfsfélaga á kostum þess að ávaxta fremur lífeyri sinn hjá LTFÍ en annars staðar. Þar er við frekar ramman reip að draga, en við í stjórn LTFÍ gefumst ekki upp, enda teljum við að hag allra tannlækna sé best borgið innan vébanda LTFÍ.

Í þessu sambandi er vert að minna enn og aftur á að Lífeyrissjóður tannlækna er að stærstum hluta séreignarsjóður sem erfist að fullu til maka og barna. En af hverju er ég að undirstrika þetta?

Jú, það er í ljósi nýrrar mannfjöldaspár Hagstofunnar. Þar kemur fram að fjöldi 67 ára og eldri mun vaxa mjög hratt á öldinni. Í dag er hlutfall 67 ára og eldri rúmlega 10 af hundraði en mun skv. svokallaðri miðspá verða tæp 23 af hundraði árið 2061. Samkvæmt sömu spá verður hlutfall 20 ára og yngri árið 2061, 24 af hundraði. Þetta þýðir að þeim fækkar stöðugt sem vinna og greiða iðgjöld til lífeyrissjóðanna.

Þetta mun leiða til þess að sífellt verður erfiðara að uppfylla lífeyrisskuldbindingar í gegnumstreymissjóðum sem byggja á því að sífellt bætist við fleiri nýir sjóðfélagar til að bera uppi lífeyrisskuldbindingar þeirra sem eldri eru. Þetta mun því að lokum knýja þessa lífeyrissjóði til að grípa til ráðstafana eins og t.d. að hækka lífeyrisaldur, hækka iðgjöld og draga úr fjölda öryrkja svo fátt eitt sé nefnt.

Ekkert af þessu á við um LTFÍ og þess vegna vil ég enn og aftur undirstrika mikilvægi þess að aldrei verði hvikað frá þeirri stefnu að halda óbreyttu formi á LTFÍ.

Að þessu sögðu vil ég þó benda á að íslenska lífeyrissjóðakerfið er í fremstu röð í heiminum. Stærð þess nemur nú 140% af vergri þjóðarframleiðslu og er þar með orðið hlutfallslegra stærra en hið svissneska og það hollenska, en þessi 3 lönd státa af öflugasta lífeyriskerfi allra landa Evrópu að mati OECD.

Það er jafnframt ánægjulegt að vekja athygli á því að kostnaður íslenska lífeyriskerfisins er lágur í alþjóðlegum samanburði.

Lífeyrissjóðirnir eru kjölfesta í samfélagi okkar og munu í framtíðinni gegna lykilhlutverki í að skapa sjóðfélögum sínum fjárhagslegt öryggi þegar starfsævinni lýkur.

Það er því afar mikilvægt að nýir valdhafar landsins beri gæfu til að standa vörð um og hlúi að þessu góða kerfi, sem Íslendingar voru svo forsjálar að koma á fót, þannig að það megi halda áfram að eflast og dafna öllum til hagsbóta.

Frá árinu 2009 hefur sérstakur saksóknari verið með mál tengd LTFÍ til rannsókna. Í kjölfarið var stjórn og framkvæmdastjóra vikið frá störfum og sjóðnum skipaður umsjónaraðili. Í júlí 2009 tók þó

framkvæmdastjóri og réttkjörin stjórn við rekstri sjóðsins á ný. Á árinu 2011 lauk Sérstakur saksóknari rannsókn sinn með niðurfellingu málsins án ákæru. Fjármálaeftirlitið undi ekki þeirri niðurstöðu og nýtti rétt sinn til að kæra málið til Ríkissaksóknara sem vísaði málinu aftur til Sérstaks saksóknara. Núna fjórum árum eftir að málið hófst hefur Sérstakur saksóknari lokið rannsókn sinni og hefur Ríkissaksóknari ákveðið að fella málið endanlega niður án ákæru. Stjórn LTFÍ hefur frá upphafi gert alvarlegar athugasemdir við allan þennan málalíbúnað og framgöngu Fjármálaeftirlitsins og fjármálaráðuneytisins. Jafnframt áskilur stjórn LTFÍ sér fullan rétt til að sækja rétt sinn til þessara stofnana enda hlaust af þessu allverulegur kostnaður svo ekki sem minnst á álitshnekkinn.

Að lokum vil ég þakka öllum félögum mínum í stjórn fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á síðasta ári, svo og ágætu starfsfólki Landsbankans og vil ég þar sérstaklega nefna Halldór Kristinsson, framkvæmdastjóra LTFÍ.

2. Ársreikningur 2012

Fundarstjóri gaf því næst Halldóri Kristinssyni, framkvæmdastjóra, orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2012. Ársreikningur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er deildarskiptur í sameignardeild og séreignardeild og var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaður af endurskoðanda sjóðsins þann 24. apríl 2013. Halldór fór yfir helstu lykiltölur í ársreikningum séreignar- og sameignadeilda, breytingu á hreinni eign, efnahagsreikning, sjóðstreymi og helstu skýringar. Halldór fór einnig sérstaklega yfir þróun á hreinni eign, lífeyrisbyrði og fjárfestingagjalda og rekstarkostnaðar. Fjallaði hann einnig um raunávöxtun og þróun á fjölda lífeyrisþega og sjóðfélaga, bæði þeirra sem eiga réttindi og teljast virkir.

3. Fjárfestingarstefna 2013

Fundarstjóri gaf Pétri Péturssyni, sjóðstjóra, orðið og hann fór yfir fjárfestingarstefnu 2013. Fjárfestingarstefnan var samþykkt af stjórn þann 21. nóvember 2012. Við mótun fjárfestingarstefnunnar var horft til þeirra eignaflokka sem sjóðurinn getur fjárfest í, væntrar ávöxtunar þeirra og áhættu. Einnig var horft til þess að eignir sjóðsins þurfa að vera seljanlegar. Uppbyggingu og formi stefnunnar var breytt frá fyrra ári og þá helst á þann veg að stefnunni er nú skipt í innlandar og erlendar eignir. Viðmiðum var einnig breytt. Stærstu eignaflokkar í fjárfestingarstefnunni eru ríkisskuldabréf og innlend hlutabréf. Einnig var horft á þá innri og ytri þætti sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins. Pétur fór yfir innri þætti eins og aldurssamsetningu og lífeyrisbyrði. Hann fór síðan yfir verðbréfamarkaði á árinu 2012 og sýndi fjárfestingarstefnur deildanna. Að síðustu fór hann yfir ávöxtun á árinu 2012 og það sem af er ári 2013.

4. Tryggingafræðileg úttekt 2012

Fundarstjóri gaf Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfræðingi, orðið og gerði Bjarni lauslega grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt á sameignardeild sjóðsins fyrir 2012. Úttektin er aðgengileg í ársreikningi (skýring 10), á heimasíðu sjóðsins og fundarmenn geta glöggvað sig betur á henni þar.

Bjarni gerði einnig grein fyrir reikniforsendum úttektarinnar og aðferðum. Kom jafnframt fram í máli Bjarna að úttektin sneri eingöngu að sameignardeild sjóðsins.

Bjarni gerði því næst grein fyrir heildareignum og skuldbindingum sjóðsins. Fram kom í máli Bjarna að framreiknaðar heildareignir sjóðsins væru samtals 1.253,1 milljónir króna og næmu framreiknaðar skuldbindingar hans 1.252,6 milljónum króna, mismunurinn væri 0,5 milljón eða 0,04%.

Heildarstaða sjóðsins í tryggingafræðilegri úttekst skiptist í áfallna stöðu og framtíðarstöðu. Áfallin staða sjóðsins hefði batnað milli ára, eða í 3,3% úr 2,8%, en framtíðarstaðan hefði versnað töluvert eða úr 2,7% í -3,0%.

Skýringin á betri áfallinni stöðu er sú að ávöxtun með endurmati var yfir 3,5% viðmiði og það var minni örorka í sjóðnum á árinu en gert var ráð fyrir. Ástæðan fyrir því að framtíðarstaðan breytist þetta mikið eru að á árinu 2011 voru teknar upp nýjar réttindatöflur, en þær höfðu verið óbreyttar frá 1999. Forsendur nýrra réttindataflna eru þær að 2/3 sjóðfélaga séu karlar, kostnaður við rekstur sé 3% af iðgjaldi og 1% af skuldbindingu og notaðar voru lífslíkur frá 2004-2008. Ljóst er að kynjahlutföll í sjóðnum hafa breyst, kostnaðurinn er hærri og lífslíkur hafa aukist, sem allt eykur framtíðarskuldbindingar sjóðsins.

Bjarni nefndi líka að í árslok 2012 komu ný viðmið um lífslíkur byggð á reynslu 2007-2011, það er lífaldur er að aukast. Ef miðað hefði verið við fyrri lífslíkur hefði staða sjóðsins verið betri sem nemur 1,7%. Áhrif nýrra lífslíkna eru meiri hjá LTFÍ vegna hærri eftirlaunaaldurs.

Það kom fram hjá Bjarna að staða lífeyrissjóðsins væri mjög góð og væri hann einn af mjög fáum lífeyrissjóðum sem væru með jákvæða tryggingafræðilega stöðu og ekki hefði þurft að skerða réttindi frá 2008.

.....

Fundarstjóri sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi gera athugasemd við fyrstu fjóra liðina á dagskrá fundarins.

- Björn Ragnarsson spyr um útgreiðsluleiðirnar 4. Það er meirihluti sjóðfélaga sem greiðir í leið 4. Björn vill vita hvert verði val yngri sjóðfélaga og hvort vert sé að hafa áhyggjur af því.

Bjarni svarar því til að meðalaldur og algengasti dánaraldur karla er 86 ára svo þetta ætti ekki að hafa áhrif, lífaldur hefur hækkað verulega undanfarin ár.

- Birgir Jóhann óskar skýringa um fjárfestingargjöld og bendir á að tölum á blaðsíðum 5 og 7 í séreignarhluta beri ekki samar, en þar eru þetta líka kallað fjárfestingargjöld.

Halldór skýrir þetta en er sammála að framsetningin mætti vera skýrari.

- Björn Ragnarsson spyr um Landsbanki Aquila Real Estate niðurfærsluna (erl. fasteignasjóður) og innir eftir því hvort þetta sé tapað fé?

Halldór svarar að töluverðar líkur séu á því að þetta sé töpuð eign.

.....

Fundarstjóri óskar eftir því að fundarmenn staðfesti skýrslu stjórnar, ársreikning, fjárfestingarstefnu og tryggingafræðilega úttekt. Það er staðfest með öllum greiddum atkvæðum.

5. Kosning stjórnarmanna

Kjósa þurfti tvo aðalmenn til þriggja ára. Í framboði voru Sæmundur Pálsson og Margrét Helgadóttir. Engin fleiri framboð bárust og því eru frambjóðendur sjálfkjörnir.

Stjórn sjóðsins skipa því Sigurgísl Ingimarsson, Heiðís Halldórsdóttir, Sæmundur Pálsson, Margrét Helgadóttir og Gísli Vilhjálmsson.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögurnar sem dreift hafði verið með fundargögnum. Tillögurnar voru tillögur frá stjórn og höfðu legið fyrir á heimasíðu sjóðsins tveimur vikum fyrir aðalfund. Hverri tillögu fylgdi stutt greinargerð til útskýringar. Flestar breytingarnar eru vegna lagabreytinga, tilmæla frá Fjármálaeftirlitinu eða orðalagsbreytingar til einföldunar á lestri samþykktanna.

Lagðar voru fram tillögur um breytingar á eftirfarandi greinum í samþykktum sjóðsins: 5.3.8., 5.4., 8.5., 8.6., 9.3., 9.4., 9.7., 9.8., 9.12., 10.2., 12.2., 12.4., 14.1.2., 15.1., 15.3., 15.5., 15.6. og 16.1..

Fundarstjóri kallaði eftir umræðum. Björn Ragnarsson lýsti yfir ánægju með að ákvæði 15.3. falli niður. Samþykktarbreytingarnar voru bornar upp allar í einu og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Formaður stjórnar gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna. Samkvæmt henni skulu stjórnarlaun hækka um 5,5%. Þau yrðu að lokinni hækkun 22.021 kr. á mánuði fyrir stjórnarmann og fimmföld sú upphæð, eða 110.102 kr. á mánuði, fyrir stjórnarformann.

Tilkynnt var að þessi hækkun sé tengt launavísitölu.

Fundarstjóri innti fundarmenn eftir því hvort einhver væri mótfallinn þessari tillögu. Svo reyndist ekki vera og var hún því samþykkt með öllum atkvæðum.

8. Kjör endurskoðanda

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um kjör endurskoðanda sjóðsins árið 2012. Stjórnin gerði það að tillögu sinni að endurskoðandi sjóðsins fyrir árið 2013 verði PwC.

Fundarstjóri bað fundarmenn að gefa merki um afstöðu þeirra til tillögunnar.

Enginn var á móti og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Önnur mál

Sigurgísli tók til máls og ræddi um kosningu stjórnar og reglu FME um kynjakvóta, sem sér þætti ekki vera sanngjörn. Hann benti á að þessi kynjakvóti væri uppfylltur og þakkaði Sigurgíslu Halli Halldórssyni, sem víkur úr stjórn, fyrir vel unnin störf og bauð einnig Margréti velkomna.